



Forseti Alþingis

Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður

Alþingi v. Austurvöll

Reykjavík, 15. desember 2016

Kæri Steingrímur.

Meðfylgjandi er sameiginleg yfirýsing rektora íslenskra háskóla vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2017. Í yfirlýsingunni segir m.a. að háskólar á Íslandi séu

„í fordæmalausri stöðu. Niðurskurður síðustu ára og viðvarandi undirfjármögnun ógnar öllu starfi háskólanna og kemur í veg fyrir nauðsynlega þróun. Nái fyrirliggjandi fjárlagafrumvarp fram að ganga í óbreyttri mynd verða háskólanir að skerða þjónustu við nemendur og slíkum breytingum er erfitt að snúa við. Fjármögnun háskólanna verður að bæta strax á komandi ári til að valda ekki frekari skaða á starfsemi þeirra.“

Þá segir í yfirlýsingu rektoranna: „Rektarár allra íslenskra háskóla skora á þingmenn að bregðast við þeim bráða vanda sem skólanir standa frammi fyrir. Nauðsynlegt er að hækka fjárfamlag til háskólanna strax árið 2017 um 2 milljarða kr. svo þeir geti sinnt þeim grundvallarverkefnum sem eru fyrirliggjandi. Þá er brýnt að ráðast í að gera áætlun um fjármögnun háskólastigsins til framtíðar svo að skólanir geti sinnt lögbundnum skyldum sínum og staðið undir mikilvægu hlutverki sínu varðandi þróun þekkingardrifins samfélags og atvinnulífs.“

Fyrir liggar að ef ekki er brugðist við þegar í stað með auknum fjárveitingum mun skapst neyðarástand í íslensku háskólunum með alvarlegum afleiðingum sem erfitt verður að snúa við.

Virðingarfyllst,

f.h. rektora íslenskra háskóla,

Jón Atli Benediktsson  
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

## Yfirlýsing rektora íslenskra háskóla, 14. desember 2016

„Ljóst er að þær fjárhæðir sem háskólum landsins eru ætlaðar skv. fyrilliggjandi fjárlagafrumvarpi standa ekki undir því mikilvæga starfi sem skólnir sinna. Háskólar í nágrannaríkjum okkar fá tvöfalt hærri framlög á hvern nemanda og endurspeglar það raunverulegan kostnað háskólastarfs. Til þess að ná meðaltali framlaga í OECD-ríkjunum þarf 8 milljarða kr. til viðbótar við þá fjárhæð sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu og 16 milljarða kr. þarf til að ná meðaltali Norðurlandanna.

Háskólar á Íslandi eru því í fordæmalausri stöðu. Niðurskurður síðustu ára og viðvarandi undirfjármögnun ógnar öllu starfi háskólanna og kemur í veg fyrir nauðsynlega þróun. Nái fyrilliggjandi fjárlagafrumvarp fram að ganga í óbreyttri mynd verða háskólnir að skerða þjónustu við nemendur og slíkum breytingum er erfitt að snúa við. Fjármögnun háskólanna verður að bæta strax á komandi ári til að valda ekki frekari skaða á starfsemi þeirra.

Rektorar allra íslenskra háskóla skora á þingmenn að bregðast við þeim bráða vanda sem skólnir standa frammi fyrir. Nauðsynlegt er að hækka fjárframlag til háskólanna strax árið 2017 um 2 milljarða kr. svo þeir geti sinnt þeim grundvallarverkefnum sem eru fyrilliggjandi. Þá er brýnt að ráðast í að gera áætlun um fjármögnun háskólastigsins til framtíðar svo að skólnir geti sinnt lögbundnum skyldum sínum og staðið undir mikilvægu hlutverki sínu varðandi þróun þekkingardrifins samfélags og atvinnulífs.

Í kjölfar umræðu síðustu viku viljum við, rektorar háskólanna, áréttu að á undanförnum misserum hafa skólnir ítrekað átt viðræður um stöðu og fjármögnun háskólastigsins við rāðherra, alþingsmenn, embættismenn og fjárlaganefnd og virðist óumdeilt að háskólastigið er undirfjármagnað. Þegar fimm ára fjármálaáætlun ríkisvaldsins lá fyrir í vor var ljóst að ekki yrði forgangsraðað í þágu háskólanna og óskuðum við þá eftir fundi með fjárlaganefnd Alþingis sem ekki var orðið við. Aftur var óskað eftir fundi með fjárlaganefnd til að ræða nýtt fjárlagafrumvarp en því var einnig hafnað. Í ljósi þess að háskólamenntun er lykilstoð í íslensku samfélagi og atvinnulífi er það skylda okkar að vekja athygli almennings á alvarlegri stöðu þessara stofnana.“